

Matorka ehf.
Stefanía Katrín Karlsdóttir
Hlíðasmára 6
201Kópavogur

Reykjavík, 13. ágúst 2021
UST202101-338/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 – fiskeldi Matorku ehf. svæði i5 við Grindavík

Þann 8.6.2021 fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Matorku ehf. svæði i5 á Húsatóftum við Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Einni ábendingu var komið á framfæri. Snýr að skilum til Umhverfisstofnunar á niðurstöðum mælinga í frárennsli tvisvar á ári.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Krafa er um hreinsun frárennslis. Nú rennur frárennsli óhreinsað til sjávar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10.9.2021.

Virðingarfyllt,

Gottskálf Friðgeirsson

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis